



Reykjavík, 8. apríl 2026

MIR26040001

TILLAGA

Tillaga um sumarstörf fatlaðra framhaldsskólanema

Lagt er til að fötluðum framhaldsskólanemum í þjónustu Hins Hússins verði boðin sumarstörf sumarið 2026. Alls verði varið 18 m.kr. til verkefnisins sem dugi til að bjóða 75 nemendum sumarstörf í fjóra tíma á dag í fjórar vikur.

Greinargerð:

Á sumrin hefur frítímastarf fatlaðra ungmenna í Hinu Húsinu boðið upp á sumarstarf fyrir þau ungmenni sem eru í frítímastarfi á veturna. Sumarstarfið spannar 13 vikur alls, frá 18. maí til 14. ágúst. Að hámarki eru valdar 10 vikur. Ungmenni skulu taka sér a.m.k. 3 vikur í frí yfir sumarið. Hitt Húsið lokar ekki yfir sumarið og má því dreifa frívíkunum þremur yfir sumarið eins og hentar. Opnunartíminn er frá frá kl. 9:00 til 16:00 mánudaga til föstudaga. Hægt er að kaupa sérstaklega auka klukkustund milli 8:00-9:00 frá þriðjudegi til föstudags. Gjald fyrir eina viku er 12.680 kr og gjald fyrir aukastund í eina viku er 3.680 kr.

Sumarstarfið er tvískipt. Fyrstu 4-5 vikurnar hefur verið atvinnutengt frítímaúrræði fyrir ungmennin. Ungmennunum hefur þá boðist starf í 4 klukkustundir á dag í fjórar vikur á fjölbreyttum vinnustöðum (Krónan, Árbæjarsafn, Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn, Ásgarður, Hagkaup o.fl.). Ungmenni mæta þá í Hitt Húsið og fara svo út á vinnustaðina með starfsfólki. Markmiðið er að ungmennin fái að kynnast ýmsum störfum á hinum almenna vinnumarkaði og læra hvernig vinnuumhverfi virkar, ásamt því að hinn almenni vinnumarkaður fái að kynnast þeim sem verðmætum starfskröftum. Eftir að vinnudegi ungmennanna lýkur tekur við frjálst frítímastarf til kl 16. Í framhaldi af vinnuvíkunum, seinni 8 vikur sumarsins, er boðið upp á fjölbreytt skipulagt frítímastarf restina af sumrinu. Kostnaður: 18 m.kr. Tillagan verði fjármöggnuð úr ramma menningar- og íþróttasviðs með hagræðingu sem nánar er útlístuð í sérstakri tillögu á fundi menningar- og íþróttaráðs 10. apríl 2026.



Reykjavík